

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 391/2009

2024/EES/11/47

frá 23. apríl 2009

um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit

(endurúttefni)

(Texti sem varðar EES) (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og

félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 3. febrúar 2009 <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda <sup>(4)</sup> hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurúttefa hana til glöggvunar.
- 2) Með tilliti til eðlis ákvæða tilskipunar 94/57/EB virðist viðeigandi að endurúttefa ákvæði hennar í tveimur mismunandi lagagerningum Bandalagsins, þ.e. í tilskipun og reglugerð.
- 3) Stofnanir, sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit, skulu geta boðið þjónustu í öllu Bandalaginu og átt í samkeppni sín á milli ásamt því að veita sambærilega

öryggis- og umhverfisvernd. Þar af leiðandi skal setja nauðsynlega fagstaðla um þessa starfsemi og beita þeim með einsleitum hætti alls staðar í Bandalaginu.

- 4) Leitast skal við að ná þessu markmiði með ráðstöfunum sem tengjast með fullnægjandi hætti starfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og, eftir því sem við á, byggja á því og styrkja það. Enn fremur skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin stuðla að því að Alþjóðasiglingamálastofnunin þrói alþjóðlegan kóða fyrir viðurkenndar stofnanir.
- 5) Mæla skal fyrir um lágmarksviðmiðanir um viðurkenningu stofnana með það í huga að auka öryggi skipa og koma í veg fyrir mengun frá þeim. Því skal styrkja lágmarksviðmiðanir sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/57/EB.
- 6) Til að unnt sé að veita stofnunum, sem sækjast eftir leyfi til að starfa fyrir hönd aðildarríkjanna, upphaflegu viðurkenninguna getur framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjunum sem farið hafa fram á viðurkenninguna, metið á skilvirkari hátt, með samræmdri aðferð og á miðlægari hátt hvort farið hafi verið að lágmarksviðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 7) Aðeins skal veita viðurkenningu á grunni gæða- og öryggisframmistöðu stofnunarinnar. Sjá skal til þess að umfang viðurkenningarinnar verði ávallt í samræmi við raunverulega getu viðkomandi stofnunar. Í tengslum við viðurkenninguna skal enn fremur taka tillit til mismunandi réttarstöðu og skipulags félagsins að baki viðurkenndra stofnana og samtímis að tryggja samræmda beitingu lágmarksviðmiðanna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og skilvirkni eftirlits Bandalagsins. Óháð skipulagi félagsins skal stofnunin, sem á að hljóta viðurkenningu, veita þjónustu um allan heim og lögaðilar hennar skulu bera óskipta bótaábyrgð.
- 8) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(5)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 195.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 25. apríl 2007 (Stjtið. ESB C 74 E, 20.3.2008, bls. 632), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. júní 2008 (Stjtið. ESB C 190 E, 29.7.2008, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 24. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2009 og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 11. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 9) Einkum skal veita framkvæmdastjórninni heimild til að breyta þessari reglugerð í því skyni að hrinda í framkvæmd síðari breytingum á alþjóðasamningunum, -bókununum, -kóðunum og ályktunum sem tengjast henni, uppfæra lágmarksviðmiðanirnar í I. viðauka og samþykkja viðmiðanirnar til að mæla skilvirkni reglnanna og verklagsreglnanna auk frammistöðu viðurkenndu stofnananna að því er varðar öryggi skipa og varnir gegn mengun frá skipum sem eru í flokki hjá þeim. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 10) Mjög mikilvægt er að unnt sé að bregðast við skjóttum, árangursríkum og hóflegum hætti ef viðurkenndar stofnanir uppfylla ekki skyldur sínar. Meginmarkmiðið skal vera að ráða bót á hvers konar annmörkum með það í huga að koma í veg fyrir, á byrjunarstigi, að þeir stofni öryggi eða umhverfinu hugsanlega í hættu. Framkvæmdastjórnin skal því öðlast nauðsynlegar heimildir til að krefjast þess að viðurkenndu stofnanirnar grípi til nauðsynlegra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta svo og að þær leggi á sektir og fáviti sem þvingunarráðstafanir. Þegar framkvæmdastjórnin beitir þessum heimildum sínum skal hún gera það þannig að grundvallarréttindi séu virt og að tryggt sé að stofnunin geti ætíð komið sjónarmiðum sínum á framfæri meðan á málsmeðferðinni stendur.
- 11) Í samræmi við aðferðina, sem tíðkast alls staðar í Bandalaginu, skal ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu stofnunar tekin á vettvangi Bandalagsins og þar af leiðandi af framkvæmdastjórninni á grundvelli málsmeðferðar nefndarinnar, ef stofnunin uppfyllir ekki þær skyldur sem settar eru fram í þessari reglugerð, ef framangreindar ráðstafanir reynast gagnslausar eða ef stofnunin stofnar öryggi eða umhverfinu á annan hátt í óviðunandi hættu.
- 12) Hafa má stöðugt og skilvirkara eftirlit með viðurkenndum stofnunum eftir á til að meta hvort þær geti farið að ákvæðum þessarar reglugerðar með samræmdari og miðlægari hætti. Því er við hæfi að framkvæmdastjórninni verði, ásamt aðildarríkinu sem fer fram á viðurkenninguna, falið þetta verkefni fyrir hönd Bandalagsins í heild.
- 13) Sem hluti af eftirliti með starfsemi viðurkenndra stofnana er afar mikilvægt að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar hafi aðgang að öllum skipum og skipsskjölum, án tillits til fánans sem skipið siglir undir, í því skyni að ganga úr skugga um hvort viðurkenndu stofnanirnar fari að þeim lágmarksviðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar öll skip hvert í sínum flokki.
- 14) Geta viðurkenndra stofnana til að greina skjótt veikleika í reglum sínum, verklagsreglum og innra eftirliti og ráða bót á þeim er afar mikilvæg fyrir öryggi skipanna sem þær skoða og viðurkenna. Efla skal þá getu með hjálp einingar sem hefur með gæðamat og vottun að gera en hún skal hvorki hafa viðskiptalegra né pólitískra hagsmuna að gæta, geta lagt til sameiginlegar aðgerðir um viðvarandi úrbætur á öllum viðurkenndum stofnunum og tryggt árangursríkt samstarf við framkvæmdastjórnina.
- 15) Reglur og verklagsreglur viðurkenndra stofnana eru meginforsendan fyrir því að unnt sé að auka öryggi og koma í veg fyrir slys og mengun. Viðurkenndu stofnanirnar hafa innleitt ferli sem skal leiða til samræmingar reglna þeirra og verklagsreglna. Stuðla skal að innleiðingu slíks ferlis og það skal stutt með löggjöf Bandalagsins vegna þess að það mun hafa jákvæð áhrif á siglingaöryggi og samkeppnishæfni skipasmíðaiðnaðarinnar í Evrópu.
- 16) Samræming reglna viðurkenndra stofnana um hönnun, smíði og reglubundið eftirlit með kaupskipum er viðvarandi ferli. Þar af leiðandi skal litið á þá skyldu að hafa eigin reglur eða geta sýnt fram á að geta haft eigin reglur sem hluta af samræmingarferlinu og ekki skal litið á hana sem hindrun í starfsemi viðurkenndu stofnananna eða hugsanlegra umsækjenda um viðurkenningu.
- 17) Viðurkenndum stofnunum skal gert skylt að uppfæra tækniastaðla sína og beita þeim með samræmdum hætti í því skyni að samhæfa öryggisreglur og tryggja að framkvæmd regla innan Bandalagsins sé einsleit. Ef tækniastaðlar viðurkenndra stofnana um efni, búnað og íhluti eru eins eða mjög svipaðir skal metið hvort gagnkvæm viðurkenning skírteina fyrir efni, búnað og íhluti komi til álita í viðeigandi tilvikum, þar sem ströngustu og mest krefjandi staðlar eru hafðir til viðmiðunar.
- 18) Jafnvel þótt hver viðurkennd stofnun skuli að meginreglu til einungis bera ábyrgð í tengslum við þá hluti sem hún vottar fer bótaábyrgð viðurkenndra stofnana og framleiðenda eftir samningsbundnum skilyrðum eða, eftir atvikum, gildandi lögum í hverju tilviki fyrir sig.
- 19) Þar sem gagnsæi upplýsinga og upplýsingaskipti hagsmunaaðila, svo og aðgangur almennings að upplýsingum, eru meðal mikilvægustu leiða til að koma í veg fyrir sjóslys skulu viðurkenndar stofnanir láta eftirlitsyfírvöldum hafnarríkis í té allar viðeigandi, lögboðnar upplýsingar um ástand skipa í þeirra flokki og gera þær aðgengilegar almenningi.

- 20) Í því skyni að koma í veg fyrir að skip skipti um flokk til að komast hjá því að framkvæma nauðsynlegar viðgerðir skulu viðurkenndar stofnanir skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum um ástand þeirra skipa sem skipta um flokk og gera fánaríkinu viðvart ef nauðsyn krefur.
- 21) Vernd hugverkaréttinda hagsmunaaðila á sviði siglingamála, þ.m.t. skipasmíðastöðvar, birgjar búnaðar og skipaeigendur, skal ekki koma í veg fyrir eðlileg viðskipti og samningsbundna þjónustu sem á sér stað milli þessara aðila.
- 22) Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 <sup>(1)</sup> skal veita nauðsynlegan stuðning til að tryggja beitingu þessarar reglugerðar.
- 23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að ákvarða tilteknar ráðstafanir sem stofnanir, sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og viðurkenna skip sem starfrækt eru í Bandalaginu, eiga að gera og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.
- 24) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda <sup>(2)</sup> er mælt fyrir ráðstafanir sem stofnanir sem annast skipaskoðun og -eftirlit eiga að gera.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari reglugerð er ákveðið hvaða ráðstafanir stofnanir eiga að gera sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og annast skirteinisútgáfu til skipa í því skyni að fara að alþjóðasamningum um öryggi á hafi úti og varnir gegn mengun sjávar og að stuðla að því að ná markmiðinu um frelsi til að veita þjónustu. Þetta ferli felur í sér þróun og framkvæmd öryggiskrafna sem gilda um bol-, vél-, raf- og stjórnbúnað skipa sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna.

*2. gr.*

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „skip“: skip sem fellur undir gildissvið alþjóðasamþykktanna,
- b) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 og alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) svo og bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt reglum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, í nýjustu útgáfum sínum,
- c) „stofnun“: lögaðili, útibú þess og hvers konar aðrir aðilar undir stjórn hans sem sinna verkefnum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar sameiginlega eða sitt í hvoru lagi,
- d) „stjórn“: að því er varðar c-lið, réttindi, samninga eða önnur úrræði, að lögum eða í reynd, sem annaðhvort sitt í hvoru lagi eða saman, gefa lögaðila kleift að hafa veruleg áhrif eða sinna verkefnum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar,
- e) „viðurkennd stofnun“: stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð,
- f) „leyfi“: sú framkvæmd af hálfu aðildarríkis að veita viðurkenndri stofnun leyfi eða fela henni vald,
- g) „lögboðin skirteini“: skirteini gefið út af eða fyrir hönd aðildarríkis í samræmi við alþjóðasamningana,
- h) „reglur og verklagsreglur“: kröfur viðurkenndrar stofnunar um hönnun, smíði, búnað og viðhald skipa ásamt eftirliti með þeim,
- i) „flokunarfélagsskirteini“: skjal sem viðurkennd stofnun gefur út og vottar að skip sé hæft til tiltekinna nota eða reksturs og sé í samræmi við reglur og verklagsreglur sem viðurkennda stofnunin hefur mælt fyrir um og birt opinberlega,
- j) „staðsetning“: sá staður þar sem skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar stofnunar er að finna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.

*3. gr.*

1. Aðildarríki sem óska eftir því að veita stofnun, sem enn hefur ekki verið viðurkennd, leyfi skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um viðurkenningu ásamt ítarlegum upplýsingum og gögnum þess efnis að stofnunin fari að lágmarksviðmiðunum sem settar eru fram í I. viðauka, svo og upplýsingum um þá kröfu og þá skuldbindingu að stofnunin fari að ákvæðum 4. mgr. 8. gr. og 9., 10. og 11. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt viðkomandi aðildarríkjum sem leggja fram beiðnina, sjá um að meta stofnanirnar sem hún hefur fengið umsókn um að viðurkenna, til þess að sannprófa að stofnanirnar uppfylli kröfurnar í 1. mgr. og skuldbindi sig til að fara að þeim.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglunefndar meðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., neita að viðurkenna stofnanir sem uppfylla ekki kröfurnar sem um getur í 1. mgr. eða ef frammistaða þeirra telst stofna öryggi eða umhverfinu í óviðunandi hættu á grunni viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 14. gr.

*4. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal veita viðurkenninguna í samræmi við reglunefndar meðferðina sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

2. Aðeins skal veita þeim stofnununum viðurkenningu sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 3. gr.

3. Viðurkenning skal veitt hlutaðeigandi lögaðila sem er móðurfélag einingar allra lögaðila sem viðurkennda stofnunin samanstendur af. Viðurkenningin skal ná til allra lögaðila sem stuðla að því að tryggja að sú stofnun geti innt af hendi þjónustu sína um allan heim.

4. Framkvæmdastjórnin má, í samræmi við reglunefndar meðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., takmarka viðurkenningu að því er varðar tilteknar tegundir skipa, skipa af tiltekinni stærð, á tilteknu farsviði eða sambland af þessu, í samræmi við getu og sérfræðipækkingu sem hlutaðeigandi stofnun hefur sýnt fram á. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin tilgreina ástæður fyrir takmörkuninni og skilyrði þess að aflétta skuli takmörkuninni eða að unnt sé að rýmka hana. Endurskoða má takmörkunina hvenær sem er.

5. Framkvæmdastjórnin skal vinna og uppfæra skrá yfir stofnanirnar sem viðurkenndar eru í samræmi við þessa grein. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

*5. gr.*

Telji framkvæmdastjórnin að viðurkennd stofnun hafi ekki uppfyllt lágmarksviðmiðanirnar, sem settar eru fram í I. viðauka, eða skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, eða

að frammistaða viðurkenndrar stofnunar, hvað varðar öryggi og mengunarvarnir, hafi versnað umtalsvert, án þess þó að það stofni öryggi eða umhverfi í verulega hættu, skal hún krefjast þess að hlutaðeigandi viðurkennd stofnun gripri til nauðsynlegra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta innan tiltekins frests til að tryggja að farið sé í einu og öllu að þessum lágmarksviðmiðunum og skyldum og, einkum, afstýra hugsanlegri hættu sem öryggi eða umhverfið stafar þar af, eða taka með öðrum hætti á ástæðum þess að frammistaðan hefur versnað.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðgerðir til úrbóta geta falið í sér verndarráðstafanir til bráðabirgða þegar hugsanleg öryggis- eða umhverfishætta er yfirvofandi.

Án þess að það hafi áhrif á tafarlausa framkvæmd skal framkvæmdastjórnin þó tilkynna öllum aðildarríkjum, sem hafa veitt viðurkenndri stofnun leyfi, fyrir fram um þær ráðstafanir sem hún hyggst gripa til.

*6. gr.*

1. Til viðbótar við þær ráðstafanir sem gerðar eru skv. 5. gr. má framkvæmdastjórnin, í samræmi við ráðgjafarnefndar meðferðina, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., leggja sektir á viðurkennda stofnun:

a) — ef hún lætur undir höfuð leggjast, með alvarlegum eða endurteknum hætti, að fara að lágmarks-viðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka, eða að uppfylla skyldur sínar skv. 4. mgr. 8. gr. og 9., 10. og 11. gr.

eða

— ef versnandi frammistaða hennar leiðir í ljós alvarlega ágalla í skipulagi hennar, verklagsreglum eða innra eftirliti

eða

b) ef stofnunin hefur vísitandi lagt fyrir framkvæmdastjórnina rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í tengslum við matið, skv. 1. mgr. 8. gr., eða hindrað þetta mat með öðrum hætti.

2. Ef viðurkennd stofnun lætur undir höfuð leggjast að gripa til þeirra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta, sem framkvæmdastjórnin krefst, eða ótilhlýðilegar tafir verða á þeim má framkvæmdastjórnin leggja féviti á stofnunina þar til gripað hefur verið til tilskilinna aðgerða með fullnægjandi hætti, sbr. þó 1. mgr.

3. Sektirnar og févítin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu hafa letjandi áhrif og vera í réttu hlutfalli bæði við alvarleika málsins og fjárhagslega getu hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar, að teknu sérstöku tilliti til þess að hvaða marki öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu.

Þau skulu því aðeins lögð á eftir að viðurkennd stofnun og hlutaðeigandi aðildarríki hafa fengið tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar.

Samanlögð fjárhæð álagðra sekta og févita skal ekki vera hærri en sem nemur 5% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndu stofnunarinnar á næstliðnum þremur rekstrarárum fyrir starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.

4. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða févítí. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févítí og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

#### 7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal afturkalla viðurkenningu stofnunar:

- a) ef ítrekaður og alvarlegur misbrestur hennar við að fara að lágmarksviðmiðununum, sem settar eru fram í I. viðauka, eða að uppfylla skyldur sínar, samkvæmt þessari reglugerð, er með þeim hætti að það stofni öryggi eða umhverfinu í óviðunandi hættu,
- b) ef ítrekaður og alvarlegur misbrestur hennar á frammistöðu við öryggis- og mengunarvarnir er með þeim hætti að það stofni öryggi og umhverfinu í óviðunandi hættu,
- c) ef hún hindrar eða kemur ítrekað í veg fyrir mat framkvæmdastjórnarinnar,
- d) ef hún vanrækir að greiða sektirnar og/eða févítin sem um getur í 1. og 2. mgr. 6. gr. eða
- e) ef hún leitast við að fá fjárhagslega tryggingu eða endurgreiðslu hvers konar sekta sem lagðar eru á skv. 6. gr.

2. Að því er varðar a- og b- lið 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun, á grunni allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t.:

- a) niðurstöður eigin mats á hlutaðeigandi viðurkenndri stofnun skv. 1. mgr. 8. gr.,
- b) skýrslur sem aðildarríki leggja fram skv. 10. gr. tilskipunar 2009/15/EB,
- c) greining slysa þar sem skip í flokki hjá viðurkenndum stofnunum eiga í hlut,

d) hvers konar upplýsingar um að ágallarnir, sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., komi ítrekað í ljós,

e) upplýsingar um að hvaða marki þetta snertir flotann í flokki hjá viðurkenndu stofnuninni og

f) staðfesting þess efnis að þær ráðstafanir sem um getur í 2. mgr. 6. gr. hafi engin áhrif.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, taka ákvörðun um afturköllun viðurkenningar í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., og eftir að hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur fengið tækifæri til að leggja fram athugasemdir.

#### 8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt aðildarríkinu sem lagði fram viðkomandi beiðni um viðurkenningu, meta allar viðurkenndu stofnanir reglulega og á a.m.k. tveggja ára fresti til að sannreyna að þær uppfylli skyldurnar, samkvæmt þessari reglugerð, og fari að lágmarksviðmiðununum sem mælt er fyrir um í I. viðauka. Matið skal takmarkast við þá starfsemi viðurkenndu stofnananna sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Við val á viðurkenndum stofnunum, sem fyrirhugað er að meta, skal framkvæmdastjórnin einkum og sér í lagi huga að frammistöðu stofnunarinnar að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, að gögnum um slyss og að skýrslum sem aðildarríki leggja fram í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2009/15/EB.

3. Matið getur falið í sér vitjun í svæðisútibú viðurkenndu stofnunarinnar auk slembiskoðunar á skipum, bæði þeim sem eru í rekstri og á smíðastigi, í því skyni að gera úttekt á frammistöðu viðurkenndu stofnunarinnar. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin, ef við á, gera aðildarríkjunum, þar sem útibúið er staðsett, grein fyrir því. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

4. Hver viðurkennd stofnun skal sjá til þess að ár hvert séu niðurstöður endurskoðunar hennar á stjórn gæðakerfisins aðgengilegar nefndinni sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

#### 9. gr.

1. Viðurkenndar stofnanir skulu sjá til þess að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar að því er varðar matið sem um getur í 1. mgr. 8. gr. Ekki má skírskota til neinna samningsákvæða til að takmarka þennan aðgang.

2. Viðurkenndar stofnanir skulu sjá til þess að í samningum sínum við skipaeigendur eða útgerðarmenn um útgáfu lögboðinna skírteina eða flokkunarfélagskírteina fyrir skip að skilyrði fyrir slíkri útgáfu sé bundið því að aðilarnir setji sig ekki á móti því að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar fái aðgang að skipi að því er varðar 1. mgr. 8. gr.

*10. gr.*

1. Viðurkenndar stofnanir skulu reglulega ráðfæra sig hver við aðra í því skyni að reglur þeirra og verklagsreglur séu ávallt jafngildar og stefna að því að þær séu samræmdar svo og framkvæmd þeirra. Þær skulu hafa samráð með það í huga að alþjóðasamningarnir séu alltaf túlkaðir á sama hátt, sbr. þó heimildir fánaríkjanna. Viðurkenndar stofnanir skulu, í viðeigandi tilvikum, koma sér saman um þau skilyrði um tæknileg mál og verklagsreglur sem þær byggja gagnkvæma viðurkenningu sína á flokkunarfélagskírteinum fyrir efni, búnað og íhluti þar sem jafngildir staðlar eru lagðir til grundvallar og þar sem ströngustu og mest krefjandi staðlar eru hafðir til viðmiðunar.

Ef ekki er hægt að ná samkomulagi um gagnkvæma viðurkenningu sökum alvarlegra öryggisástæðna skulu viðurkenndar stofnanir tilgreina ástæður þess með skýrum hætti.

Ef viðurkennd stofnun kemst að raun um, með skoðun eða öðrum hætti, að efni, búnaður eða íhlutur uppfyllir ekki kröfur skírteinis síns má sú stofnun synja um heimild til að koma því efni, búnaði eða íhluti fyrir um borð í skipinu. Viðurkennda stofnunin skal tafarlaust upplýsa aðrar viðurkenndar stofnanir um það og greina frá ástæðum synjunarinnar.

Viðurkenndar stofnanir skulu viðurkenna, með flokkun í huga, skírteini fyrir búnað um borð í skipum sem ber merkið í formi stýrishjóls í samræmi við tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum <sup>(1)</sup>.

Þær skulu reglulega gefa framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum skýrslu um mikilvægar framfarir á sviði staðla og gagnkvæmrar viðurkenningar á skírteinum fyrir efni, búnað og íhluti.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 17. júní 2014, sem byggð er á sjálfstæðri rannsókn og þar sem fjallað er um að hvaða marki náðst hefur að samræma reglur og verklagsreglur auk gagnkvæmrar viðurkenningar skírteina fyrir efni, búnað og íhluti.

3. Viðurkenndu stofnanirnar skulu vinna með eftirlitsyfirvöldum hafnaríkis þegar um er að ræða eitt af skipum í þeirra flokki, einkum til að auðveldara sé að ráða bót á annmörkum eða öðru ósamræmi sem tilkynnt er um.

4. Viðurkenndar stofnanir skulu útvega öllum yfirvöldum aðildarríkjanna, sem veitt hafa einhver þau leyfi sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB, svo og framkvæmdastjórninni, allar viðeigandi upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, tilfærslur milli stofnana, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki, óháð því undir hvaða fána þau sigla.

Upplýsingar um tilfærslur, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki, þ.m.t. upplýsingar um hvers konar eftirlit og tilmæli sem komin eru fram yfir tímamörk, flokkunarskilyrði, skilyrði fyrir rekstri eða takmarkanir á honum, sem gefnar eru út fyrir skip sem þær hafa flokkað, skulu einnig, óháð því undir hvaða fána skipin sigla, sendar með rafrænum hætti til sameiginlegs skoðunargagnagrunns sem aðildarríkin nota til að framkvæma tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnaríkiseftirlit <sup>(2)</sup> á sama tíma og þær eru skráðar í eigin kerfi viðurkenndu stofnunarinnar og í öllu falli ekki síðar en 72 klukkustundum eftir að atvikið, sem varð til þess að gripið var til tilkynningaskyldu, átti sér stað. Þær upplýsingar, að undanskildum tilmælum og skilyrðum flokksins sem komin eru fram yfir tímamörk, skulu birtar á vefsíðum þessara viðurkenndu stofnana.

5. Viðurkenndar stofnanir skulu ekki gefa út lögboðin skírteini fyrir skip, sem hefur verið strikað út úr flokki eða þar sem flokknum hefur verið breytt af öryggisástæðum, óháð því undir hvaða fána það siglir, fyrr en lögberum yfirvöldum fánaríkisins hefur verið gefinn hæfilegur frestur til að skila álitinu sínu um það hvort nauðsynlegt sé að krefjast alhliða skoðunar.

6. Við tilfærslu flokks frá einni viðurkenndri stofnun til annarrar skal víkjandi stofnunin, án óþarfa tafar, láta viðtökustofnuninni í té heildarferilsskrá skipsins og einkum upplýsa hana:

- um allt eftirlit sem komið er fram yfir tímamörk,
- um öll tilmæli og flokkunarskilyrði sem komin eru fram yfir tímamörk,
- um skilyrði fyrir rekstri sem gefin eru út fyrir skipið og
- um rekstrartakmarkanir sem gefnar eru út fyrir skipið.

Viðtökustofnunin getur þá fyrst gefið út ný skírteini fyrir skipið þegar öllu eftirliti, sem komið er fram yfir tímamörk, hefur verið lokið með fullnægjandi hætti og öll tilmæli eða flokkunarskilyrði, sem komin eru fram yfir tímamörk og gefin hafa verið út fyrir skipið, hafa verið afgreidd með þeim hætti sem víkjandi stofnun mælir fyrir um.

Áður en skírteinin eru gefin út skal viðtökustofnunin gera víkjandi stofnuninni grein fyrir dagsetningu útgáfu skírteinanna og staðfesta hvenær, hvar og til hvaða aðgerða verður gripið í tengslum við eftirlit, tilmæli og flokkunarskilyrði sem komin eru fram yfir tímamörk.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

Viðurkenndar stofnanir skulu ákvarða og hrinda í framkvæmd viðeigandi sameiginlegum kröfum um tilfærslu milli flokka þar sem þörf er á sérstökum varúðarráðstöfunum. Þessi tilvik skulu að lágmarki ná til tilfærslu 15 ára gamalla skipa og eldri milli flokka og tilfærslu frá stofnun sem er ekki viðurkennd til viðurkenndrar stofnunar.

Viðurkenndar stofnanir skulu vinna saman að því að koma ákvæðum þessarar málsgreinar í framkvæmd með viðeigandi hætti.

#### 11. gr.

1. Viðurkenndar stofnanir skulu, eigi síðar en 17. júní 2011, koma á og viðhalda einingu sem hefur með sjálfstætt gæðamat og vottun að gera í samræmi við gildandi alþjóðlega gæðastaðla þar sem hlutaðeigandi fagsamtök, sem starfa á sviði siglinga, mega láta til sín taka í hlutverki ráðgjafa.

2. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera skal framkvæma eftirfarandi verkefni:

a) meta oft og reglulega gæðastjórnunarkerfi viðurkenndra stofnana, í samræmi við viðmiðanir gæðastaðalsins ISO 9001,

b) votta gæðastjórnunarkerfi viðurkenndra stofnana, þ.m.t. stofnanir sem sótt hafa um viðurkenningu í samræmi við 3. gr.,

c) gefa út tülkanir á alþjóðlega viðurkenndum gæðastjórnunarstöðlum, einkum til að taka mið af sérkennum og skyldum viðurkenndra stofnana og

d) samþykka sjálfstæð og heildstæð tilmæli til að bæta ferli viðurkenndra stofnana og innri eftirlitskerfi.

3. Einingin, sem hefur með gæðamat og vottun að gera, skal búa yfir nauðsynlegum stjórnunar- og valdheimildum til að starfa óháð viðurkenndu stofnununum og búa yfir nauðsynlegum úrræðum til að gegna skyldum sínum með skilvirkum hætti og samkvæmt ströngustu fagstöðlum og tryggja sjálfstæði þeirra einstaklinga sem framkvæma verkefni. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera kemur sér upp eigin vinnuáferðum og setur sér starfsreglur.

4. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera má óska eftir aðstoð frá öðrum utanaðkomandi aðilum á sviði gæðamats.

5. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera skal sjá hagsmunaaðilum, þ.m.t. fánaríkin og framkvæmdastjórnin, fyrir ítarlegum upplýsingum um árlega vinnuáætlun og niðurstöður og tilmæli, einkum að því er varðar tilvik þar sem öryggi kann að hafa verið stofnað í hættu.

6. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera skal sæta reglubundnu mati framkvæmdastjórnarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal gefa aðildarríkjunum skýrslu um niðurstöður matsins og eftirfylgni í kjölfar þess.

#### 12. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 <sup>(1)</sup>.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

#### 13. gr.

1. Breyta má þessari reglugerð, án þess að víkka gildissvið hennar, í því skyni að uppfæra lágmarksviðmiðanirnar í I. viðauka, að teknu sérstöku tilliti til viðeigandi ákvarðana Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 12. gr.

2. Undanskilja má breytingar á alþjóðasamningunum, sem um getur í b-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, gildissviði þessarar reglugerðar, skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

*14. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja og birta:

- a) viðmiðunarreglur til að mæla skilvirkni reglna og verklagsreglna svo og frammistöðu viðurkenndra stofnana að því er varðar öryggi og mengunarvarnir skipa sem eru í flokki þeirra, að teknu sérstöku tilliti til gagna í tengslum við Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit og/eða annað sambærilegt fyrirkomulag og
- b) viðmiðunarreglur til þess að ákvarða hvenær slík frammistaða telst stofna öryggi eða umhverfinu í óviðunandi hættu en taka má mið af sérstökum aðstæðum sem hafa áhrif á minni eða mjög sérhæfðar stofnanir.

Þær ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 12. gr.

2. Þær ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, í tengslum við reglur um framkvæmd 6. gr. og, ef við á, 7. gr., skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 12. gr.

3. Með fyrirvara um tafarlausa beitingu lágmarksviðmiðananna í I. viðauka má framkvæmdastjórnin, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., samþykkja reglur um túlkun þeirra og hún má taka til athugunar að setja markmið fyrir almennar lágmarksviðmiðanir sem um getur í 3. lið A-hluta I. viðauka.

*15. gr.*

1. Stofnanirnar sem höfðu, við gildistöku þessarar reglugerðar, hlotið viðurkenningu í samræmi við tilskipun 94/57/EB skulu halda sinni viðurkenningu, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

2. Með fyrirvara um 5. og 7. gr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 17. júní 2010, endurskoða allar takmarkaðar viðurkenningar sem veittar voru samkvæmt tilskipun 94/57/EB í ljósi 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, með það í huga að ákveða, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 12. gr., hvort í stað takmarkanna komi aðrar takmarkanir eða hvort fella eigi þær niður. Takmarkanirnar skulu gilda þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun.

*16. gr.*

Á meðan matið, skv. 1. mgr. 8. gr. fer fram skal framkvæmdastjórnin sannprófa að handhafi viðurkenningarinnar sé viðkomandi lögaðili innan stofnunarinnar sem ákvæði þessarar reglugerðar gilda um. Ef sú er ekki raunin skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um að breyta þeirri viðurkenningu.

Ef framkvæmdastjórnin breytir viðurkenningunni skulu aðildarríkin aðlaga samninga sína við viðurkenndu stofnunina í samræmi við breytinguna.

*17. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal, á tveggja ára fresti, upplýsa Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar.

*18. gr.*

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 94/57/EB í lögum Bandalagsins og landslögum sem tilvísanir í þessa reglugerð, eins og við á, og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

*19. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 23. apríl 2009

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. NEČAS

*forseti.*



## I. VIÐAUKI

LÁGMARKSVIÐMIÐANIR SEM STOFNANIR ÞURFA AÐ NÁ EÐA AÐ VIÐHALDA TIL AÐ NJÓTA  
VIÐURKENNINGAR Í BANDALAGINU

(sem um getur í 3. gr.)

## A. ALMENNAR LÁGMARKSVIÐMIÐANIR

- Viðurkennd stofnun skal hafa réttarstöðu lögaðila í ríkinu þar sem hún er staðsett. Reikningar hennar skulu staðfestir af óháðum endurskoðendum.
- Viðurkennda stofnunin skal geta sýnt fram á viðtæka reynslu við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa.
- Viðurkennda stofnunin skal ávallt hafa yfir að ráða nægilegum fjölda starfsfólks á sviði stjórnunar, tækni, stoðvinnu og rannsókna, í réttu hlutfalli við stærð flotans í flokki hennar, samsetningu hans og þátttöku stofnunarinnar í smíði skipa og breytingum á þeim. Þegar á þarf að halda og eftir þörfum þarf viðurkennda stofnunin að geta látið í té úrræði og starfsfólk á hverjum vinnustað, í réttu hlutfalli við verkefni sem sinnt er í samræmi við almennar lágmarksviðmiðanir skv. 6. og 7. lið og sérstakar lágmarksviðmiðanir samkvæmt B-hluta.
- Viðurkennda stofnunin skal hafa eigin alhliða reglur og verklagsreglur og beita þeim eða geta sýnt fram á hæfni til slíks, að því er varðar hönnun og smíði kaupskipa og reglubundið eftirlit með þeim, og skulu þær vera af sömu gæðum og alþjóðlega viðurkenndir staðlar. Þær skulu birtar og uppfærðar reglulega og endurbættar í krafti rannsóknar- og þróunaráætlana.
- Viðurkennda stofnunin skal ár hvert gefa út skipaskrá sína eða færa hana í rafrænan gagnagrunn sem er aðgengilegur almenningi.
- Viðurkennda stofnuninni skal ekki stjórnað af skipaeigendum eða aðilum í skipasmíðum eða af öðrum sem hafa viðskiptalegra hagsmuni að gæta um framleiðslu, útbúnað, viðgerð eða rekstur skipa. Viðurkennda stofnunin á ekki að verulegu leyti að vera háð einstöku atvinnufyrirtæki um öflun tekna. Viðurkennda stofnunin framkvæmir ekki flokkunarvinnu eða lögboðin verk ef hún er sjálf með viðskipta-, persónu- eða fjölskyldutengsl við eigendur eða útgerð skipsins. Þessi vanhæfisregla gildir einnig um þá eftirlitsmenn sem viðurkennda stofnunin hefur ráðið til starfa.
- Viðurkennda stofnunin verður að starfa í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar A.789(19) um forskriftir að því er varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana, sem starfa á vegum stjórnvalda, að því marki sem þær fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

## B. SÉRSTAKAR LÁGMARKSVIÐMIÐANIR

- Viðurkennda stofnunin verður að láta í té þjónustu um allan heim af hálfu sérstakra eftirlitsmanna sinna eða, í sérstökum tilvikum þegar unnt er að rökstyðja með tilhlýðilegum hætti, af hálfu sérstakra eftirlitsmanna annarra viðurkenndra stofnana.
- Viðurkennda stofnunin verður að lúta siðareglum.
- Viðurkennda stofnunin verður að vera starfrækt og stjórnað á þann hátt að tryggt sé að farið sé með upplýsingar sem stjórnvald krefst sem trúnaðarmál.
- Viðurkennda stofnunin verður að sjá stjórnvaldi, framkvæmdastjórninni og hagsmunaaðilum fyrir viðeigandi upplýsingum.

5. Viðurkennda stofnunin, eftirlitsmenn hennar og tæknimenntað starfsfólk skal sinna störfum sínum án þess að skerða hugverkarétt skipasmíðastöðva, birgja búnaðar og skipaeigenda, þ.m.t. í tengslum við einkaleyfi, leyfi, þekkingu eða hvers konar aðra þekkingu sem er lögvernduð við notkun á alþjóðavettvangi, á vettvangi Bandalagsins eða á landsvísi. Viðurkennda stofnunin eða eftirlitsmennirnir og tæknimenntað starfsfólk, sem gegna störfum hjá stofnuninni, má ekki í neinum tilvikum, með fyrirvara um matsheimild aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og einkum skv. 9. gr., framsenda eða ljóstra upp upplýsingum sem hafa viðskiptalega þýðingu og sem þeir hafa komist yfir við dagleg skyldustörf sín við skoðun, athugun á og eftirlit með skipum sem verið er að smíða eða gera við.
6. Stjórn viðurkenndu stofnunarinnar verður að skilgreina og skrá stefnu sína og markmið og skuldbindingar að því er varða gæðamál og tryggja að inntak stefnunnar sé skilið, hún sé framkvæmd og henni viðhaldið á öllum stigum innan viðurkenndu stofnunarinnar. Í stefnu viðurkenndu stofnunarinnar verður að tilgreina frammistöðumarkmið og árangursvísbenda á sviði öryggis og mengunarvarna.
7. Viðurkennda stofnunin skal sjá til þess:
  - a) að reglur og verklagsreglur hennar séu settar og þeim viðhaldið á kerfisbundinn hátt,
  - b) að farið sé að reglum og verklagsreglum hennar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þessara reglna og verklagsreglna,
  - c) að kröfur, sem gerðar eru til lögboðins starfs sem viðurkenndu stofnuninni er heimilt að sinna, séu uppfylltar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þess hvort hún uppfylli alþjóðasamninga,
  - d) að ábyrgðir, heimildir og innbyrðis tengsl milli starfsfólks, sem vinnur starf sem hefur áhrif á gæði þjónustu viðurkenndu stofnunarinnar, séu skilgreind og skráð,
  - e) að öll vinna fari fram undir eftirliti,
  - f) að komið verði á fót eftirlitskerfi sem hefur eftirlit með aðgerðum og starfi eftirlitsmanna og tæknimenntaðs starfsfólks ásamt starfsfólki á sviði stjórnunar sem er ráðið af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar,
  - g) að eftirlitsmenn hafi til að bera yfirgripsmikla þekkingu á þeirri tilteknu gerð skipa sem er viðfangsefni lögboðinna starfa þeirra að því er varðar það tiltekna eftirlit sem framkvæma skal, sem og á viðeigandi, gildandi kröfum,
  - h) að komið verði á kerfi um hæfismat eftirlitsmanna og reglulega uppfærslu þekkingar þeirra,
  - i) að færðar séu skrár sem sýna að staðlar, sem krafist er, séu uppfylltir vegna þeirra liða sem varða þjónustuna sem innt er af hendi og að gæðakerfið virki á áhrifaríkan hátt,
  - j) að fyrir hendi sé heildarkerfi yfir áætlað og skjalfest innra gæðaeftirlit í öllum deildum,
  - k) að lögboðið eftirlit og skoðanir, sem krafist er samkvæmt samræmdu kerfi eftirlits og skírteinisútgáfu, sem viðurkennda stofnunin hefur heimild til að vinna eftir, séu framkvæmd í samræmi við ákvæðið í viðaukanum og viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.948(23) um viðmiðunarreglur um skoðun samkvæmt samræmdu kerfi eftirlits og skírteinisútgáfu,
  - l) að komið verði á skýrri skiptingu ábyrgðar og beinum boðleiðum stjórnunar milli aðal- og svæðisskrifstofa viðurkenndu stofnunarinnar og milli viðurkenndu stofnananna og eftirlitsmanna á þeirra vegum.

8. Viðurkennd stofnun verður að hafa þróað, framkvæmt og viðhaldið áhrifaríku innra gæðakerfi sem byggist á viðeigandi hlutum alþjóðlega viðurkenndra gæðastaðla í samræmi við EN ISO/IEC 17020:2004 (skoðunaraðilar) og EN ISO 9001:2000 (gæðastjórnunarkerfi, kröfur) eins og þeir eru túlkaðir og vottaðir af hálfu einingarinnar sem hefur með gæðamat og vottun að gera og um getur í 1. mgr. 11. gr.
9. Hrinda verður í framkvæmd reglum og verklagsreglum viðurkenndu stofnunarinnar með þeim hætti að stofnunin sé í þeirri stöðu að geta, á grunni eigin beinnar reynslu og mats, gefið áreiðanlega og hlutlæga yfirlýsingu um öryggi hlutaðeigandi skipa með flokkunarfélagsskírteinum þannig að gefa megi út lögboðin skírteini á grunni þeirra.
10. Viðurkenndu stofnanirnar verða að búa yfir nauðsynlegum úrræðum til að meta, með hjálp hæfs, faglegs starfsfólks og samkvæmt ákvæðunum í viðaukanum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.913(22) um leiðbeiningar við framkvæmd stjórnvalda á alþjóðlega kóðanum um öryggisstjórnun skipa (ISM Code), beitingu og viðhald öryggisstjórnunarkerfisins, bæði í landi og um borð í skipum sem viðkomandi skírteini eiga að ná yfir.
11. Viðurkennda stofnunin verður að leyfa fulltrúum stjórnvalda og öðrum hlutaðeigandi aðilum að taka þátt í að þróa reglur og verklagsreglur.

---

## II. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Tilskipun 94/57/EB	Tilskipun 2009/15/EB	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.	1. gr.
a-liður 2. gr.	a-liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	b-liður 2. gr.	—
c-liður 2. gr.	c-liður 2. gr.	—
d-liður 2. gr.	d-liður 2. gr.	b-liður 2. gr.
e-liður 2. gr.	e-liður 2. gr.	c-liður 2. gr.
—	f-liður 2. gr.	d-liður 2. gr.
f-liður 2. gr.	g-liður 2. gr.	e-liður 2. gr.
g-liður 2. gr.	h-liður 2. gr.	f-liður 2. gr.
h-liður 2. gr.	i-liður 2. gr.	g-liður 2. gr.
i-liður 2. gr.	k-liður 2. gr.	i-liður 2. gr.
—	j-liður 2. gr.	h-liður 2. gr.
j-liður 2. gr.	l-liður 2. gr.	—
k-liður 2. gr.	—	j-liður 2. gr.
3. gr.	3. gr.	—
Fyrsta setning 1. mgr. 4. gr.	—	1. mgr. 3. gr.
Önnur setning 1. mgr. 4. gr.	—	2. mgr. 3. gr.
Þriðja setning 1. mgr. 4. gr.	—	—
Fjórdá setning 1. mgr. 4. gr.	—	1. mgr. 4. gr.
—	—	3. mgr. 3. gr.
—	—	2., 3. og 4. mgr. 4. gr.
—	—	5. gr.
—	—	6. gr.
—	—	7. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 4. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	2. mgr. 4. gr.	—
1., 2., 3. og 4. mgr. 6. gr.	1., 2., 3. og 4. mgr. 5. gr.	—
5. mgr. 6. gr.	—	—
7. gr.	6. gr.	12. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein a-liðar 1. mgr. 7. gr.	—
Annar undirliður 1. mgr. 8. gr.	—	1. mgr. 13. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein b-liðar 1. mgr. 7. gr.	—
—	Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 7. gr.	—
Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr.	—	2. mgr. 13. gr.

Tilskipun 94/57/EB	Tilskipun 2009/15/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 9. gr.	—	—
2. mgr. 9. gr.	—	—
Inngangsorð 1. mgr. 10. gr.	8. gr.	—
a-, b- og c-liður 1. mgr. og 2., 3. og 4. mgr. 10. gr.	—	—
1. og 2. mgr. 11. gr.	1. og 2. mgr. 9. gr.	—
3. og 4. mgr. 11. gr.	—	1. og 2. mgr. 8. gr.
12. gr.	10. gr.	—
13. gr.	—	—
14. gr.	1. og 2. mgr. 11. gr.	—
—	3. mgr. 11. gr.	—
—	12. gr.	—
—	9. gr.	—
1. mgr. 15. gr.		1. og 2. mgr. 10. gr.
2. mgr. 15. gr.		3. mgr. 10. gr.
3. mgr. 15. gr.	—	4. mgr. 10. gr.
4. mgr. 15. gr.		5. mgr. 10. gr.
5. mgr. 15. gr.		Fyrsta, önnur, þriðja og fimmta undirgrein 6. mgr. 10. gr.
—		fjórða undirgrein 6. mgr. 10. gr.
16. gr.	13. gr.	—
17. gr.	16. gr.	—
—	14. gr.	—
—	15. gr.	—
		11. gr.
		14. gr.
		15. gr.
		16. gr.
		17. gr.
		18. gr.
		19. gr.
Viðauki		I. viðauki
	I. viðauki	
	II. viðauki	II. viðauki